

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 119/1986. **Kaupfélag Húnavetninga**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

gegn
skiptaráðandanum í Árnessýslu
vegna þrotabús Vörðufells h/f
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1986. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeim breytingum að hann krefst 19% ársvaxta frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags krefst hann þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hefir ekki verið hreyft andmælum við fjárhæð dómkröfu stefnda né upphafstíma vaxta.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann með þeirri málskostnaðar- og vaxtabreytingu er greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Húnavetninga, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Árnessýslu vegna þrotabús Vörðufells h/f,

154.967,29 krónur auk 19% ársvaxta frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags þá dráttarvexti sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara og Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi lét kröfu sína á hendur stefnda í innheimtu hjá lögmanni, sem að fenginni aðfararheimild gerði fjárnám í bifreið þeirri, er hér kemur við sögu, 5. desember 1983 og krafðist nauðungaruppboðs á henni, sem fram átti að fara 11. febrúar 1984. Að beiðni stefnda féll hann frá fjárnámi og nauðungarsölu á bifreiðinni og samþykkti sölu hennar á almennum markaði gegn loforði um greiðslu. Telja má víst, að fyrirsvarsmenn Vörðufells h/f hafi talið frjálssa sölu bifreiðarinnar félaginu (og þar með kröfuhöfum) hagstæðari en sölu hennar á nauðungaruppboði. Upplýst er í málinu, að viðskiptabanki stefnda greiddi fyrir sölunni með lánveitingu til kaupandans fyrir kaupverðinu, en það gekk að meiri hluta til lúkn-ingar skulda Vörðufells h/f við bankann. Ekki er fram komið að áfrýjandi hafi átt hlut að sölu bifreiðarinnar, en bankinn greiddi honum að fyrirlagi stefnda fjárhæð þá er ágreiningur máls þessa snýst um. Eigi verður talið að greiðsla þessi, sem innt var af hendi í reiðufé, sé frábrugðin því sem tíðkað er í viðskiptum og ekki er heldur fram komið að áfrýjanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að stefnda biði greiðslustöðvun og gjaldþrot. Var greiðslan því ekki óvenjulegur greiðslueyrir og „venjuleg eftir atvikum“. Brestur því heimild til að rifta henni á grundvelli 54. eða 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum

stefnda, sem greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. desember sl., höfðaði Viðar Már Matthíasson hdl., Borgartúni 24, Reykjavík, sem skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi f.h. þrotabúsins gegn Kaupfélagi Húnavetninga, nnr. 5579-3360, Blönduósi, Austur-Húnavatnssýslu, 21. mars 1985.

Aðilar málsins sömdu með heimild í 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936 að reka málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að rift verði með dómi greiðslu skuldar Vörðufells hf. við stefnda sem fram fór 21. febrúar 1984 að fjárhæð kr. 154.967,29.

Í öðru lagi að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 154.967,29 með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Í þriðja lagi að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreiknigi.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Fyrirtækið Vörðufell hf. tók að sér fyrir Landsvirkjun að byggja hlöðu og fjárhús á Eiðsstöðum í Blöndudal. Framkvæmdirnar munu hafa staðið yfir sumarið og haustið 1983. Vörðufell fékk heimild hjá stefnda til þess að taka út vörur af ýmsu tagi sem honum voru nauðsynlegar vegna þessara framkvæmda í viðskiptareikning í verslun stefnda á Blönduósi.

Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda nam skuldin hinn 31. október 1983 kr. 532.496,05, en á úttektartímanum hafði Vörðufell hf. ekkert greitt og gerði heldur ekki eftir að viðskiptunum lauk þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnda. Stefndi fékk þá lögfræðingi sínum skuld þessa til innheimtu.

Stefndi höfðaði síðan áskorunarmál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu hinn 28. nóvember 1983 út af skuldinni. Skuldin var gerð aðfararhæf með áritun á stefnu og 5. desember 1983 gerði fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík að kröfu stefnda fjárnám fyrir skuldinni í tveim bifreiðum Vörðufells hf., X-2060 og X-734.

Með bréfum dags. 13. desember 1983 fór lögmaður stefnda þess á leit

við borgarfógeta í Reykjavík að Vörðufell hf. yrði svipt vörslum bifreiðanna tveggja og þær seldar á opinberu nauðungaruppboði. Með bréfi yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 16. janúar 1984 var Vörðufelli hf. tilkynnt að bifreiðarnar yrðu að beiðni lögmanns stefnda seldar á opinberu uppboði 11. febrúar nk. til lúkningar á skuld að fjárhæð kr. 665.991,00.

Samkvæmt því sem segir í greinargerð stefnda fór Guðni Eiríksson, sem á þessum tíma var gjaldkeri Vörðufells hf., þess á leit við lögmann stefnda að framangreindu uppboði yrði frestað þar sem skuldin yrði greidd fljótlega en Vörðufell hf. ætti von á greiðslum fyrir verk sín. Lögmaðurinn hafi neitað að afturkalla uppboðið nema gegn tryggingu greiðslu skuldarinnar. Hann hafi fengið tryggingarvixil að fjárhæð kr. 375.000,00 og að því búnu afturkallað uppboðið.

Með afsali dags. 10. febrúar 1984 seldi Vörðufell hf. Perlusandi sf. bifreiðina X-734 ásamt festivagninum TX 11 fyrir kr. 1.900.000,00. Í afsalinu kemur fram að áhvilandi veðskuld sé kr. 2.000.000,00 sem standi áfram.

Kaupandinn mun hafa fengið hinn 21. febrúar 1984 lán til kaupanna í Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibúi í Hveragerði að fjárhæð kr. 1.900.000,00, en af hálfu útibúsins er staðfest hinn 21. febrúar 1984 að lán þetta hafi runnið óskipt til greiðslu skuldbindinga Vörðufells hf. Í málinu hefur verið lagt fram yfirlit um það hvernig Árnesingaútibú Búnaðarbankans sem á þessum tíma var viðskiptabanki Vörðufells hf. ráðstafaði sölu- andvirðinu. Þar kemur fram að greitt hafi verið upp í skuld Kaupfélags Húnavetninga kr. 154.967,29, en það er sú greiðsla sem stefnandi krefst riftunar á.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu dags. 29. mars 1984 óskaði lögmaður Vörðufells hf. f.h. félagsins eftir því að veitt yrði heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði. Sýslumaður tók við bréfinu 6. apríl og 13. s.m. var veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. júlí 1984. Greiðslustöðvunin var síðar framlengd til 13. september en þá var bú Vörðufells hf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Með bréfi til stefnda dags. 27. desember 1984 krafðist bústjóri stefnanda þess að stefndi greiddi stefnanda áðurgreinda fjárhæð kr. 154.967,29 og með bréfi dags. 26. febrúar 1985 tilkynnti hann stefnda að ákveðið hafi verið að rifta greiðslunni og riftunarmál höfðað verði stefndi ekki við kröfunni um endurgreiðslu fjárins.

Stefndi varð ekki við þessum kröfum og var mál þetta höfðað 21. mars 1985 eins og fyrr greinir.

Kröfu sína um riftun framangreindrar greiðslu byggir stefnandi í fyrsta lagi á 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann heldur því fram að um óvenjulegan greiðslueyri sé að ræða þannig tilkominn að seld hafi verið fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands í Hveragerði bifreið sem stefndi hafi

verið búinn að láta gera fjárnám í. Ekkert af andvirði bifreiðarinnar né heldur tengivagns sem með henni hafi verið seldur hafi runnið til Vörðufells hf. heldur hafi Búnaðarbankinn ráðstafað því öllu til greiðslu ákveðinna skulda fyrirtækisins þ. á m. þeirrar sem stefndi átti. Ekkert sé komið fram um að Vörðufell hf. og stefndi hafi áður átt viðskipti af þessu tagi né heldur að um sé að ræða venjulegan greiðslueyri eftir öðrum atvikum. Ekki skipti máli þótt greiðsla sú sem stefndi fékk að lokum hafi verið peningar, en miða verði við hvaða greiðslu þrotamaður láti í upphafi af hendi.

Verði á riftun greiðslunnar fallist eigi stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 að greiða stefnanda kr. 154.967,29, en þá fjárhæð hafi hann fengið umfram aðra kröfuhafa í þrotabúi Vörðufells hf. Að fá kr. 154.967,29 sé sá hagur sem stefndi hafi haft af ráðstöfun söluandvirðis bifreiðarinnar.

Þá byggir stefnandi í öðru lagi kröfu sína um riftun á 61. gr. laga nr. 6/1978. Vörðufell hf. hafi í raun verið gjaldþrota á þessum tíma. Hlaupa-reikningi fyrirtækisins hafi verið lokað haustið 1983. Stefndi hafi átt í miklum erfiðleikum með að fá skuld sína greidda hjá fyrirtækinu og hafi beðið um uppboð á eignum þess sem hann hafi ekki viljað afturkalla nema gegn útgáfu tryggingarvixils til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Telja megi sannað af gögnum málsins að stefndi hafi vitað eða mátt vita hversu bág staða Vörðufells hf. var þegar hin umdeilda greiðsla fór fram.

Sú málsástæða sé þýðingarlaus að greiðslan hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni Vörðufells hf.

Samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978 beri stefnda, verði greiðslunni rift samkvæmt 61. gr. laganna, að greiða stefnanda kr. 154.967,29 en það sé tjónið sem stefnandi hafi haft af því að þessi greiðsla var innt af höndum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að skýra verði 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 þröngt og taka tillit til aðstæðna sem ríki þegar greiðslan sé innt af hendi. Rekstur Vörðufells hf. hafi verið með eðlilegum hætti miðað við árstíma og greiðslan ekki óvenjuleg þar sem algengt sé að verktakar selji tæki sín þegar lítið sé með þau að gera eins og verið hafi á þessum tíma.

Þá sé hvoru tveggja skilyrði riftunar samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt hafi verið. Hvorugu þessara skilyrða sé fullnægt í því tilviki sem hér um ræði.

Því sé alfarið mótmælt að stefndi hafi vitað eða mátt vita um greiðslu-erfiðleika hjá Vörðufelli hf. Fyrirtækið hafi verið í fullum rekstri og boðið í ný verk. Forráðamenn þess hafi sagt stefnda að þeir ættu miklar fjárhæðir útistandandi. Greiðslan sem um sé deilt í málinu hafi engu ráðið um gjaldfærni Vörðufells hf. Engin skilyrði séu til þess að rifta samkvæmt 61. gr. laga nr. 6/1978.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 er það skilyrði eitt sér nægilegt til að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur ef greiðslan hefur farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Sú greiðsla sem hér um ræðir mun hafa farið fram 21. febrúar 1984 en frestdagur var 6. apríl s.á.

Ekkert er komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi áður átt viðskipti þess eðlis að Vörðufell hf. hafi greitt stefnda með þeim hætti sem að framan er rakinn eða svipuðum. Ekki er heldur neitt komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi þegar til viðskiptanna var stofnað samið um að greitt skyldi með þessum hætti.

Sú greiðsla sem krafist er riftunar á í þessu máli er þannig til komin að bifreið Vörðufells hf. var seld á almennum markaði, en stefndi hafði áður beðið um uppboð á bifreiðinni en síðar fallið frá því til þess að hin umrædda sala gæti farið fram. Hluti söluandvirðisins rann síðan beint til stefnda fyrir milligöngu viðskiptabanka Vörðufells hf.

Þótt tíðkanlegt kunni að vera að verktakafyrirtæki greiði skuldir með framangreindum hætti verður engu að síður að telja eins og hér stendur á að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða og samkvæmt því ber að fallast á þá kröfu stefnanda að greiðslunni skuli rift samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978.

Upplýst er að stefnda hefur verið heimilað að lýsa kröfu sinni í þrotabú Vörðufells hf. enda þótt auglýstur kröfulýsingarfrestur sé runninn út. Með það í huga og svo hitt að því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnda að tjón stefnanda sé minna en hann heldur fram ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 greiði honum kr. 154.967,29.

Vaxtakröfu stefnanda hefur stefndi ekki mótmælt og verður hún tekin til greina þó með þeim breytingum að 4% vanskilavextir á mánuði dæmast til 1. júní 1985, 3,5% vanskilavextir frá þeim degi til 1. september s.á. og 3,75% vanskilavextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda ákveðst kr. 35.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Greiðslu þeirri er stefndi, Kaupfélag Húnvetninga, fékk af söluandvirði bifreiðarinnar X-734 og festivagns TX-11 hinn 21. febrúar 1984 er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells hf., kr. 154.967,29 með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% vanskilavöxtum á mán-

uði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á. og með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðförför að lögum.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 120/1986. **Kaupfélag Húnavetninga**

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

gegn

skiptaráðandanum í Árnassýslu

vegna þrotabús Vörðufells h/f

(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1986. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeim breytingum, að hann krefst 32% ársvaxta frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags er krafist þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki